



Breyting bæjarmálasamþykktar desember 2022 – barnavernd – síðari umræða

Með breytingum á lögum um barnaverndarnefnd, og nýjum farsældarlögum er nauðsynlegt að breyta bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar.

- 1) Breyta þarf 4. tl. A liðar 48. gr. á þann hátt að fyrir síðustu málsgrein við textann bætist eftirfarandi: „Velferðarnefnd fer með verkefni yfirstjórnar barnaverndarþjónustu skv. 12. gr., sbr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. síðari breytingar.“
- 2) Breyta þarf 2. tl. B liðar 48. gr. á þann hátt að nýtt ákvæði orðast svo:
„*Umdæmisráð barnaverndar*. Ísafjarðarbær stendur sameiginlega að umdæmisráði barnaverndar ásamt öðrum sveitarfélögum á landsbyggðinni, í samræmi við 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. síðari breytingar, en bæjarstjórn skipar í ráðið skv. samningi um umdæmisráð barnaverndar“
- 3) Við samþykktina bætist nýr viðauki 1.1. um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Ísafjarðarbæjar, sem birtur er með samþykkt þessari.

Viðauki 1.1.

um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Ísafjarðarbæjar samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

1. gr.

Fullnaðarafgreiðsla mála

Sviðsstjóri velferðarsviðs fer með vald til fullnaðarafgreiðslu mála skv. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002 og ber ábyrgð á öllum verkefnum og ákvörðunum sem byggja á barnaverndarlögum sem ekki hafa verið falin öðrum þ.m.t. umdæmisráði, dómstólum eða öðrum stjórnvöldum sbr. 2. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Sviðsstjóra velferðarsviðs eða þriðjungur velferðarnefndar getur ávallt óskað eftir því að velferðarnefnd taki ákvörðun í máli, sbr. 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga og 36. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

2. gr.

Endurupptaka mála

Beri aðili fram kvörtun vegna afgreiðslu Barnaverndarþjónustu Ísafjarðarbæjar samkvæmt viðauka þessum, skal leiðbeina honum um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar hjá velferðarnefnd með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. og 37. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar. Telji velferðarnefnd að

skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal Barnaverndarþjónustu Ísafjarðarbæjar taka málið upp að nýju.

Hafi velferðarnefnd tekið hina upphaflegu ákvörðun, sbr 1. gr. viðauka þessa, skal endurupptökubeiðni beint til bæjarráðs.